

Þriðjudaginn 17. desember 1940.

Nr. 12/1940. **Málarasveinafélag Reykjavíkur**  
gegn

**Málarameistarafélagi Reykjavíkur.**

Varadómari Jón hrm. Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Ákvæði kjarasamnings milli málarameistara og málarasveina í Reykjavík um skyldu meistaranna til þess að nota eingöngu meðlimi sveinafélagsins til verka, sem tilheyra málaraiðninni, ekki talin gilda ef verk er framkvæmt utan Reykjavíkur og Seltjarnarness.

### Dómur.

Í samningi, sem gerður var milli Málarasveinafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur s. l. vor og gildir frá 1. maí 1940, er 9. greinin svo hljóðandi:

„Málarameistarafélag Reykjavíkur skuldbindur meðlimi sína til að nota eingöngu meðlimi Málarasveinafélags Reykjavíkur til allra verka, sem málaraiðninni tilheyra (samkvæmt núgildandi lögum). Einnig skuldbinda þeir sig til að nota til vinnu aðeins sína en ekki annara nemendur. Skylt er meisturum að hafa ekki færri en 1 svein í nýbyggingu, sé sveinn fyrir hendi“.

Málsaðiljar deila um það, hvort ákvæði nefndrar greinar gildi einnig um vinnu utan Reykjavíkur og Seltjarnarness-hrepps.

Í máli þessu, sem höfðað er af Málarasveinafélagi Reykjavíkur með stefnu, dags. 23. f. m., gegn Málarameistarafélagi Reykjavíkur, gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að framangreind 9. gr. verði talin taka til allrar málavinnu, sem meðlimir Málarameistarafélags Reykjavíkur taka að sér, hvar sem er á landinu, og að þeim sé því óheimilt að nota aðra en féлага Málarasveinafélags Reykjavíkur til slíkrar vinnu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnanda og heldur því fram, að ákvæði nefndrar 9. gr. eigi aðeins við um þá vinnu, sem unnin er innan Reykjavíkur og Seltjarnarness-

hrepps. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt framannefndri 9. gr. sé ljóst, að hún eigi við alla málaravinnu, er málameistararnir láti framkvæma, hvar sem er á landinu. Nú hafi það mjög tíðkapt s. l. haust, að málameistarar, er tóku að sér málningu á hermannaskálum Breta utan Reykjavíkur, hafi notað til þeirrar vinnu bæði ófaglærða menn og aðra, sem ekki voru meðlimir málarasveinafélagsins. Við þetta vilji stefnandi ekki una, og sé því mál þetta höfðað til þess að fá úr þessu skorið, þar sem stefndi hafi ekki viljað fallast á þessa skoðun stefnanda.

Stefndi telur hins vegar, að það hafi aldrei verið tilætlunin, að 9. gr. sammingsins gilti um vinnu, sem unnin væri utan Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps. Það hafi og verið svo í framkvæmdinni, að málameistarar hafi undanfarin ár, þrátt fyrir samskonar ákvæði í þágildandi samningum, átölulaust af hálfu stefnanda notað aðra en meðlimi í Málarasveinafélagi Reykjavíkur við málningarvinnu utan Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps.

Ekkert hefir komið fram í máli þessu um það, að rætt hafi verið um það við samningagerðir undanfarinna ára milli aðilja máls þessa, að ákvæði 9. gr. í núgildandi samningi aðilja skyldi vera svo viðtækt, er stefnandi vill vera láta, en sú grein hefir staðið óbreytt í samningum þeirra a. m. k. síðan 1. maí 1937. Hins vegar er það upplýst í málinu, og enda viðurkennt af stefnanda, að til s. l. hausts hafi það verið látið með öllu afskiptalaust, bæði af forráðamönnum stefnanda og einstökum meðlimum sveinafélagsins, þótt meðlimir meistarafélagsins hefðu í þjónustu sinni og létu vinna að allskonar málningarvinnu utan Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps, menn, sem ekki voru meðlimir í sveinafélaginu. Má telja sannað, að slíkt hafi þráfallega komið fyrir. Þá hafa nokkrir meðlimir sveinafélagsins vottað, að það væri fyrst s. l. haust, sem sá skilningur hefði verið hafður uppi, að skuldbindingar meistaranna samkvæmt nefndri 9. gr. næðu til vinnu, sem unnin væri utan Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps, og ennfremur hafa þeir vottað, að skrifstofustjóri Sveinasambandsins, en málarasveinafélagið er meðlimur þess, hafi s. l. ár gefið tilteknum málarasveini þær upplýsingar, að nefnt sammingsákvæði væri ekki því til

hindrunar, að hann ynni með svo kölluðum hjálparmönnum utan ofanefndra staða, og hefir þessum vottorðum sveinanna ekki verið mótmælt. Þar sem framkvæmd oftnefndrar 9. gr., sem hér er deilt um, hefir undanfarin ár og athugasemdalaust af hálfu forráðamanna eða meðlima stefnda verið sú, sem lýst er hér að framan, verður að telja, að skilningur stefnda á nefndri 9. gr. sé réttur. Ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Málarameistarafélag Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Málarasveinafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 23. desember 1940.

Nr. 13/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda**

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík.**

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Ekki talið leiða til ógildingar á uppsögn stéttarfélags á kjarasamningi, að félagið hafði ekki, innan tilskilins tíma, sent gagnaðilja kröfur til breytinga á samningi þeim, er upp var sagt, með því að drátturinn væri réttlætanlegur vegna sérstakra ástæðna.

### Dómur.

Þann 22. desember 1937 var undirritaður kjarasamningur milli Félags íslenzkra iðnrekenda og félagsins Iðju (félags verksmiðjufólks). Fyrri mgr. 18. gr. þessa samnings er svo hljóðandi: